

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 57/2018

2020/EES/6/23

frá 23. mars 2018

um breytingu á II. viðauka við EES-samninginn (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2317 frá 13. desember 2017 um viðurkenningu á valfrjálsu áætluninni „Red Tractor Farm Assurance Combinable Crops & Sugar Beet“ til að sýna fram á að viðmiðunum um sjálfbærni samkvæmt tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 98/70/EB og 2009/28/EB hafi verið fylgt ⁽¹⁾.
- 2) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

Eftirfarandi er bætt við á eftir lið 6aw (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2164) í XVII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„6ax. **32017 D 2317**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2317 frá 13. desember 2017 um viðurkenningu á valfrjálsu áætluninni „Red Tractor Farm Assurance Combinable Crops & Sugar Beet“ til að sýna fram á að viðmiðunum um sjálfbærni samkvæmt tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 98/70/EB og 2009/28/EB hafi verið fylgt (Stjútíð. ESB L 331, 14.12.2017, bls. 79).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2317, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 24. mars 2018, að því tilskildu að allar tilkynningar skv. 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 23. mars 2018.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Claude Maerten

formaður.

⁽¹⁾ Stjútíð. ESB L 331, 14.12.2017, bls. 79.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.